

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Þingeyjarsveit.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorphirðingargjöld) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

#### 2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir 74.363 kr.

Sumarhús og íbúðir í árshlutanotkun 35.092 kr.

Gjaldið er innheimt jafnhliða fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu og þeirra.

Gjalddagar eru átta: 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst og 1. september.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjaldsins vera samkvæmt reikningi fyrir sannanlegum kostnaði.

Verð á klippikorti fyrir gámasvæði (4 m<sup>3</sup> af úrgangi), 13.970 kr. Eitt klippikort er innfalið í árlegu sorpgjaldi á hverja fasteign í sveitarfélaginu.

#### 3. gr.

Á gámapelli er innheimt eftirfarandi gjald vegna móttöku sorps frá fyrirtækjum og öðrum en klippikorthöfum:

- Fyrir áætlað lágmarksmagn allt að 100 kg eða 1,5 m<sup>3</sup> skal greiða móttöku- og flutningsgjald 6.564 kr. og í urðunargjald 7.407 kr. eða samtals 13.407 kr.
- Fyrir hvert kíló umfram 100 kg greiðist samtals í móttöku- og flutningsgjald 66 kr. og 72 kr. í urðunargjald og fyrir hvern 1,5 m<sup>3</sup> umfram 1,5 m<sup>3</sup> bætist við 6.564 kr. fyrir móttöku- og flutningsgjald og 7.407 kr. í urðunargjald.
- Ekki er tekið gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, þar má nefna: pappaumbúðir, plastumbúðir, hjólbarða, heyrúllplast, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og staðfest á fundi hennar 14. desember 2023 og öðlast gildi við birtingu og kemur til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 2024. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Þingeyjarsveit nr. 405/2023.

Þingeyjarsveit, 10. janúar 2024.

**Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir** sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 25. janúar 2024